

93
5. nóv.

SAMÞYKKT

um

sýsluveginn Vatnsdælingaveg.

1. gr.

Vatnsdælingavegur er nefndur í samþykkt þessari, sýsluvegurinn frá Þjóðveginum vestan Vatndalsár að Grímstungu.

2. gr.

Vatnsdælingaveg skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt, og tekjur vegafélagsins leyfa. Vegurinn skal lagður eftir ákvörðun vegamálastjóra.

3. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir allan Áshrepp, að undanskildu Marðarnúpsseli, og bæina: Helgavatn, Hnjúk, Breiðabólstað og Miðhús í Sveinsstaðahreppi.

4. gr.

Þrjú fjórðu hlutar af kostnaði við vegagjörð þessa, greiðist af sýsluvegasjóði Austur-Húnavatnssýslu, en einn fjórði hluti greiðist af Vegafélagi Vatnsdælinga. Gjöld félagsmanna til vegafélagsins eru þessi:

- af landverði og umbótum jarða greiði eigendur 2⁰/₀₀, samkvæmt fasteignarmati.
- af húsaverði greiði eigendur 1⁰/₀₀, en þó telst ekki til gjalda hærri upphæð af húsaverði á hverri jörð, en sem svarar $\frac{2}{3}$ hlutum landverðs.
- af hverjum verkfærum manni heimilisföstum á félagssvæðinu greiði húsráðandi 4 krónur, en rétt á hann á endurgjaldi frá hlutaðeiganda.

Eigendur búfjár þess, sem talið er fram á vegasvæðinu, eða er framfleytt þar, greiði:

1. Af hverri sauðkind 2 aura.
2. Af hverju hrossi 10 aura.
3. Af hverjum nautgrip tveggja vetra og eldri 20 aura.

Undanþegnir öllum þessum gjöldum til vegarins, fyrir framan Ásmóhelli, eru þó framangreindir bæir í Sveinsstaðahreppi.

Rétt eiga landsdrottinn að fá árlega frá leiguliðum sínum 8% af því, er þeir hafa greitt af leigujörðunum, til vegarins.

Hreppsstjórar séu skyldir að láta í té fyrir 1. júlí ár hvert, staðfestan útdrátt úr búnaðarskýrslum, til notkunar við útreikning gjaldsins.

Stjórn vegafélagsins hefir heimild til, með samþykki aðalfundar,

að hækka tekjur þessar, allt að $\frac{1}{3}$ hluta og lækka þær allt að helming, fyrir eitt ár í senn, en til hækkunarinnar þarf samþykki sýslu-^{5.} nív. nefndar.

5. gr.

Allir, sem gjalda til vegarins, eru til samans félag, er nefnist:

Vegafélag Vatnsdælinga.

Það skal eiga með sér aðalfund í febrúar eða marz ár hvert. Á fundi þeim, er samþykkt þessi verður löglega samþykkt, skal kosin 5 manna stjórn fyrir félagið. Eftir 2 ár ganga 2 úr stjórninni, samkvæmt hlutkesti, og kýs aðalfundur 2 menn í þeirra stað til 4 ára. Hinn hluti stjórnarinnar fer frá eftir 4 ár og gilda sömu reglur um kosningu þeirra. Í stjórninni sé ávallt einn maður úr Sveinsstaðahreppi.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosin stjórn, endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins fyrir næsta ár á undan, o. s. frv.

Aðalfundur er lögmætur, sé hann löglega boðaður og veður hamli eigi fundarsókn.

6. gr.

Stjórn félagsins kýs sér sjálf formann. Hún annast allar framkvæmdir vegafélagsins og gefur glögg t yfirlit yfir störf sín til aðalfundar.

Kostnað þann, er leiðir af félagsskap þessum, skal greiða af tekjum félagsins.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

8. gr.

Árstekjur félagsins falla í gjalddaga 30. september og má taka þær lögtaki.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð þar sem brot er framið, og skal með mál út af slíkum brotum farið, sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919 til að öðlast gildi 1. desember 1929, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.